



Garðabæ 04.11.2022

Norðurlandamót unglunga U20, U17 og U15

Vísað er til erindis Lyftingasambands Íslands til Garðabæjar frá 1. apríl síðastliðnum, vegna Norðurlandamóts unglunga U20, U17 og U15 í ólympískum lyftingum. Mótið verður haldið í Miðgarði dagana 11.-13. nóvember 2022 í samstarfi Lyftingasambands Íslands og Lyftingadeildar Stjörnunnar.

Þakkað er fyrir þátttöku Garðabæjar í verkefninu með aðgangi að glæsilegri aðstöðu í Miðgarði og tækjabúnaði sem þar er að finna.

Yfir 100 keppendur Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Íslandi, Noregi og Svíþjóð hafa skráð sig til þátttöku og fjöldi þjálfara og alþjóðlegra dómara munu einnig mæta til keppinnar.

Beint streymi verður frá keppninni á netinu fyrir áhorfendur um gjörvallan heim og hefur RÚV ákveðið að gera keppninni góð skil.

Kostnaður við svo umfangsmikið mót er mikill og er áætlað að hann nemi um 7,7 milljónum, og skiptist með eftirfarandi hætti:

Akstur keppenda	947.500
Keppnispallur - akstur	150.000
Hljóðkerfi	250.000
Bolir og merking	390.000
Ýmiss kostnaður á móti	300.000
Hótel	2.654.500
Morgun, hádegis og kvöldmatur	2.337.500
Lokahóf - matur/salur	660.000
Samtals áætlun	7.689.500

Áætluð innkoma í formi keppnisgjalda frá þáttakendum er um 4,1 milljón.

Það er því nokkuð í land með að mótið sé að fullu fjármagnað og vinna mótshaldarar að því hörðum höndum að klára fjármögnun þess.



Í erindi okkar til Garðabæjar frá 1. apríl var óskað eftir styrk í formi fjármagns vegna mótsins, og förum við hér með góðfúslega fram á að Garðabær taki þátt í framangreindum kostnaði að hluta. Í síðustu tvö skipti sem LSÍ hefur staðið að alþjóðlegum mótum veittu viðkomandi bæjarfélög okkur aðgang að húsnæði - ásamt fjárhagsstyrk vegna aksturs keppenda.

Beiðni okkar um fjárhagslegan styrk til Garðabæjar hljóðar upp á 947.500kr. sem samsvarar þeim kostnaði sem fer í akstur keppenda til og frá flugvelli en einnig til og frá keppnissvæði. Í kostnaði er meðal tilboð frá GJ Travel sem hefur gefið okkur veglegan 50% afslátt af akstri keppenda til og frá keppnissvæði.

Sem fyrr teljum við þennan viðburð kjörið tækifæri til að kynna húsnæðið við Miðgarð sem framúrskarandi staðsetningu fyrir viðlíka og jafnvel stærri erlenda viðburði.

Þá segir reynsla okkar að sýnileiki lyftingamóta sem þessara er ungmennum og öðrum mikil hvatning til að hefja æfingar í lyftingum og eru ekki síður hvatning fyrir afreksíþróttafólk innan félaga okkar til enn frekari dáða. Fellur mótið því vel að hvort heldur afreksstefnu Garðabæjar sem og íþrótt- og tómstundastefnu bæjarins.

Með fyrirfram þökkum og von um góðar undirtektir.

Helga Hlín Hákonardóttir
Varaformaður Lyftingasambands Íslands.